



---

### STARFSLÝSING

---

**Yfirmaður :** Skólastjóri leikskóla  
**Stofnun / deild** Leikskólar Fjarðabyggðar

#### 1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar.

#### 2. Helstu verkefni

##### 2.1. Almenn

- Annast, ásamt leikskólastjóra, daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda leikskólans og milli leikskólastjóra og deildarinnar.
- Hefur umsjón, ásamt leikskólastjóra, með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna deildarinnar.
- Fylgist með að deildin sé búin nauðsynlegum uppeldis- og kennslugögnum, í samvinnu við leikskólastjóra.
- Tryggir að sérhvert barn á deildinni fái kennslu, leiðsögn, umönnun og/eða sérkennslu eftir þörfum.
- Ber ábyrgð, ásamt leikskólastjóra og sérkennslustjóra, á að meðferðaráætlunum sérfræðinga vegna einstakra barna sé framfylgt.

##### 2.2. Stjórnsýsla og stefnumótun

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, ársáætlunar, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum, undir stjórn leikskólastjóra.
- Ber ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá og ársáætlun leikskólans á deildinni.
- Annast stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mat á starfi deildarinnar, undir stjórn leikskólastjóra.

##### 2.3. Fjármál

- Umsjón með fjármálum eru ekki á verksviði starfsmanns.

##### 2.4. Mannaforráð og stjórnun

- Yfirmaður starfsmanna þeirrar deildar sem hann stýrir.

##### 2.5. Teymisvinna

- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.
- Ber ábyrgð á, ásamt leikskólastjóra, og stýrir deildarfundum.

##### 2.6. Samskipti

- Skipuleggur, ásamt leikskólastjóra, samvinnu við foreldra/forráðamenn barna á deildinni, s.s. aðlögun, dagleg samskipti og foreldraviðtöl.



- 
- Ber ábyrgð á, ásamt leikskólastjóra, að foreldrar/forráðamenn fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins og þá starfsemi er fram fer á deildinni og ekki varðar trúnað gagnvart öðrum börnum og foreldrum/forráðamönnum þeirra.
  - Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.
  - Ber ábyrgð á, ásamt leikskólastjóra og sérkennslustjóra, að leitað sé samþykkis foreldra/forráðamanna barns, áður en leitað er aðstoðar annarra sérfræðinga.

### 2.7. Önnur verkefni

- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna og stjórnun deildarinnar sem yfirmaður felur honum

## 3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

### 3.1. Menntun

- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Reynsla af starfi með börnum.

### 3.2. Hæfnisþættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Hæfni og áhugi á að vinna í hóp
- Ábyrgð og stundvísi
- Góð íslenskukunnátta

Fjarðabyggð x. 20xx

---

Yfirmaður

---

Starfsmaður